

Stjórnarfundur Álfavina 12.mars 2025, haldinn á Álfasteini. Kl.20.30.

Mætt eru: Hugrún Ósk, Eva, Sigurlaug, Lilja Dögg og Jónas. Aðrir höfðu boðað forföll. Lilja ritar fundargerð.

1. **Foreldrakönnun.** Hugrún fór gróflega yfir niðurstöður foreldrakönnunar sem var lögð fyrir foreldra í febrúar. Í heildina kom leikskólinn mjög vel út úr könnuninni.
2. **Leikhópurinn Lotta** kemur 29. apríl í heimsókn. Yngstu bekkir þelamerkurskóla koma líka. Við fáum sýninguna á tilboðsverði, 145þús. Foreldrafélag þelamerkurskóla leggur til 40 þús og Álfasteinn gæti lagt til eitthvað svipað, og afganginn borgar foreldrafélag leikskólans.
3. **Sumarfríslokun.** Hugrún kynnti hugmynd frá fræðslunefnd varðandi sumarlokun. Hugmyndin er sú að foreldrar fái þess kost að skrá börnin sín í sumarfrí í 1-3 vikur í kringum sumarlokun (1-2 vikur fyrir sumarlokun og 1 viku eftir sumarlokun, bindandi skráning) og fái í staðinn felld niður leikskólagjöld þann tíma.
4. **Betri vinnutími/stytting vinnuvikunnar.** Hugrún fór yfir hugmyndir til að ná að uppfylla kjarasamninga um betri vinnutíma/styttingu vinnuvikunnar. Á yfirstandandi skólaári er leikskólinn lokaður 10 daga (dymbilvika, milli jóla og nýárs, og þegar ÞMS er í haust- og vetrarfríi). Þetta nær ekki að uppfylla þá tíma sem starfsfólk á rétt á samkvæmt kjarasamningum, en til þess vantar um 100 klst í viðbót. Hugmynd sveitarstjórnar er að loka leikskólanum á föstudögum kl.14.15 í stað 16.15, sem færri langleiðina með að uppfylla kröfur um betri vinnutíma. Þetta myndi þá taka gildi á næsta skólaári.
5. **Skóladagatal 2025-2026.** Hugrún fór yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs.
6. **30 ára afmæli Álfasteins og vorhátíð.** Vorhátíð Álfasteins verður 23.maí kl.14-16 og verður haldið uppá afmæli leikskólans í leiðinni. Opið hús fyrir fjölskyldur leikskólabarna og annarra sveitunga. Reynt að áætla fjölda gesta, um 300-350 manns. Ný hugmynd um að leigja myndavélakassa kom upp. Gróf kostnaðaráætlun fyrir hlut foreldrafélagsins:

Hoppukastalar	120.000
Blöðrudrengir	20.000
Kökur	62.000
Heimir gítarleikari	20.000
Myndavélakassi	40.000
<b>Samtals:</b>	<b>262.000</b>

Sótt var um styrkt til menningar og atvinnunefndar Hörgársveitar fyrir allt að 150.000 kr. Þegar svar hefur borist um það verður fundað aftur.

7. **Sveitaferð.** Rætt stuttlega um að halda í hefðina með sveitaferð til Boggu og Árna í Grjótgarði. Lilja ætlar að ræða við þau um tímasetningu. Hugmyndir að dagsetningum eru: 1. maí (frídagur), 8.maí eftir leikskóla eða 9.maí (lokað í leikskóla). Verður rætt frekar á næsta fundi.

Fundi slitið 22.30.